

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.
- beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.
- lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.

-  **Framúrskarandi.** Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni sem er meiri en ætlast er til.
-  **Hæfni náð.** Nemandi nær færninni sem stefnt er að með fáar eða engar skekkjur.
-  **Á góðri leið.** Nemandi er á góðri leið með að ná markmiðunum en verkefni ekki fullnægjandi.
-  **Þarfnast þjálfunar.** Nemandi hefur ekki fyllilega náð færninni sem stefnt er að. Lítil skilningur á viðfangsefninu.
-  **Hæfni ekki náð.** Nemandi sýnir ekki færni í viðfangsefninu sem liggur fyrir. Verkefnaskil ófullnægjandi.

Til að eiga möguleika á framúrskarandi þarftu að:

- Skila öllum verkefnum á tilsettum tíma.
- Sýna framúrskarandi frágang í lokaafurð.
- Sýna framúrskarandi frumleg og skapandi vinnubrögð.
- Sýna mikið sjálfstæði og fara eigin leiðir í úrvinnslu verkefna.

Til að fá hæfni náð þarftu að:

- Skila öllum verkefnum á tilsettum tíma.
- Gera allt sem fyrirmælin segja til um.
- Vanda frágang.

Ef þú færð á góðri leið eða þarfnast þjálfunar:

- Vantar einhvern hluta verkefnisins eða því var ekki skilað á tilsettum tíma.
- Vantar upp á frágang.